

Fimmtánda fundur hreppsnefndar haldinn að Breiðabliki 12. október kl. 20.

Mætt eru Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerðina.

Þröstur óskaði eftir dagskrárbreytingu, að 5. liður dagskrár verði tekinn fyrir á undan 4. lið. Var það samþykkt af öllum hreppsnefndarmönnum.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Hitaveita Eyja- og Miklaholtshrepps (HEM)  
Stjórnarformaður HEM, Eggert Kjartansson kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir því sem að gert hefur verið í veitunni á síðustu mánuðum.
2. Undirbúningur við gerð fjárhagsáætlunar 2023  
Samþykkt að auglýsa eftir styrkumsóknum frá félagasamtökum fyrir árið 2023 á heimasíðu hreppsins.
3. Bréf Innviðaráðuneytis vegna kvörtunar/ábendingar um stjórnarsýslu Eyja- og Miklaholtshrepps, dagsett 14. september 2022  
Herdís Þórðardóttir vék af fundi.  
Innviðaráðuneytinu barst kvörtun/ábending frá Herdís Þórðardóttur 1. varasveitarstjórnarmanni þann 29.4.2021.  
Innviðaráðuneytið telur ekki tilefni til að fjalla frekar um ábendingarnar en beinir því til sveitarfélagsins að huga betur að ýmsum þáttum er koma að verklagi í sveitarstjórn.
4. Starf oddvita  
Sigurbjörg fór yfir starfið og hlutverk oddvita sem starfandi framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Varaoddvita falið að kanna kjör oddvita í sambærilegum sveitarfélögum og gerir tillögu til sveitarstjórnar um kjör oddvita.
5. Kjör og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa  
Samþykkt að farið verði yfir kjör kjörinna fulltrúa í ljósi umræðu um starfsaðstæður og kjör þeirra.
6. Fundargerð 913. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Fundargerð lögð fyrir fundinn.

7. Fulltrúaráðsfundar FVA

Fundargerð lögð fyrir fundinn.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 22:15

Þröstur Aðalbjarnarson sign

Herdís Þórðardóttir sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir sign

Sigurbjörg Ottesen sign